

Fundur með formönnum deilda Vestra 2023

Fundur með formönnum deilda Vestra haldinn í lessal Safnahússins, miðvikudaginn 8. febrúar 2023, kl. 17:30.

Mætt voru úr aðalstjórn: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Jónas Gunnlaugsson, Gísli Jón Hjaltason, Hlynur Reynisson, Jóna Lind Karlsdóttir og Heiðrún Tryggvadóttir .

Mætt voru frá deildum: Tinna Hrund Hlynsdóttir, form. yngri flokka knattspyrnudeildar, og Sigurður Jón Hreinsson, formaður blakdeildar.

Fyrir tekið:

1 Boðun aðalfunda.

Árþing HSV verður haldið 24. maí nk. Aðildarfélögum HSV ber áður að halda aðalfundi og boða til þeirra með löglegum hætti. Ársskýrslur og undirritaðir ársreikningar þurfa að berast til HSV eigi síðar en 20 maí og skulu ársskýrslur aðildarfélaga vera aðgengilegar í þeirri skýrslu. Einnig er hverju aðildarfélagi innan HSV skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Engar undantekningar verða gefnar á skilum. Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags.

Guðni Guðnason, gjaldkeri aðalstjórnar, greindi frá því að ársreikningar knattspyrnudeildar og körfuboltadeildar yrðu tilbúnir fljótlega en blakdeild og hjólríðadeild ættu enn eftir að skila inn bókhaldi sínu. Fundarmenn sammála um að boða til aðalfunda deilda svo fljótt sem auðið er þannig að þeir verði ekki haldnir á síðustu stundu eins og oft vill vera.

2 Lottótekjur.

Gjaldkeri greindi frá því að HSV væri búið að senda inn uppgjör fyrir lottótekjum og koma um 6,7 m.kr. í hlut Vestra. Ætlar hann að greiða þetta til deilda á næstu dögum. Jafnframt skýrði hann frá því að körfuknattleiksdeild væri þar með skuldlaus við aðalstjórn og húsaleiguskuldin að fullu greidd.

3 Endurskoðun reglna um val á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar.

Vestra barst á dögnum erindi frá íþrótt- og tómstundanefnd þar sem óskað var eftir afstöðu félagsins varðandi endurskoðun reglna á vali íþróttamanns ársins í Ísafjarðarbæ. Megin ástæðan fyrir endurskoðuninni er að á sl. árum hefur hallað verulega á kvenkyns iðkendur þegar kemur að tilnefningum. Síðast var aðeins ein stelpa tilnefnd af þeim 13 sem tilnefndir voru af aðildarfélögum HSV. Nefndin kallar því eftir umsögn íþróttafélaganna um nógildandi reglur. Breytingar felast fyrst og fremst í því að nú skal hvert félag tilnefna einn íþróttamann úr hverjum kynjaflokki, í hverri grein. Þá skal hvert félag tilnefna efnilegasta íþróttamanninn úr hverjum kynjaflokki í sínu félagi, í hverri grein á aldrinum 11-16 ára.

Nokkrar umræður urðu á fundinum um þessa endurskoðun en áður hafði erindið verið sett inn á samráðsvettvang Vestra á Facebook þar sem einnig urðu umræður um reglurnar. Sigurður Jón Hreinsson hefur vakið athygli á ýmsum atriðum sem hann telur þörf á að bæta, m.a. varðandi lögheimili, lágmarksaldur og breytt verklag við valið. Að hans mati þarf að gera meiri kröfur um upplýsingar í tilnefningum, allar tilnefningar ætti að birta með með fundargerð nefndarinnar, eftir næsta fund á eftir afhendingu verðlaunanna. Birting

gagnannna er ekki síður fyrir íþróttafélögin sjálf, til að sjá hvernig önnur félög vinna sínar tilnefningar. Þá telur Sigurður ekki nóg að sett sé í reglurnar að matið skuli vera "faglegt og hlutlaust", það þurfi að vera forskrift af því hvernig einstakir þættir séu metnir og hvernig einstaklingsíþróttir séu metnar gagnvart hópíþróttum. Voru þessi atriði til umræðu á fundinum og fundarmenn almennt sammála Sigurði, sérstaklega hvað varðar bætt verklag við mat á tilnefningum. Auk þess kom fram að bæta þyrfti umgjörð sjálfs viðburðarins, m.a. sjá til þess að þeir sem væru tilnefndir væri boðið á viðburðinn. Varðandi það að tilnefna tvö kyn, karl og konu, þá þótti fundarmönnum sú breyting úr takti við tíðarandann þar sem einstaklingar geta í dag skilgreint sig undir fleiri kynjum. Kynjahalli í tilnefningum er í grunninn tilkominn vegna þess að kynin hafa ekki jöfn tækifæri í sinni íþróttaiðkun, þannig eigi strákar meiri möguleika á að spila með meistaraflokkum heldur en stelpur. Oftast eiga þær ekki annarra kosta vöð en flytja burt til að geta haldið áfram að stunda sína íþrótt þegar ákveðnum aldri er náð. Þetta hefur margfeldisáhrif, m.a. að þessi aldurflokkur er ekki á svæðinu og því ekki hægt að tilnefna úr honum. Að sama skapi hafa yngri stelpur ekki fyrirmyndir í eldri hópnum og erfiðara fyrir þær að setja sér markmið um frekari árangur þegar ekkert tekur við eftir yngri flokka. Er það skoðun fundarmanna að það að breyta reglum til að laga kynjahlalla breyti engu, frekar eigi að fylgja eftir þeim stefnum (jafnréttisstefna, íþróttastefna) sem kveða á um jöfn tækifæri kynjanna og tryggja að svo sé í rauninni. Til að ná þessu markmiði þarf það að vera mælanlegt ásamt áætlun um hvernig því verði náð og eftirfylgni með framkvæmd og árangri.

4 Endurskoðun á núgildandi Íþrótt- og tómstundastefnu Ísafjarðarbæjar.

Íþrótt- og tómstundanefnd Ísafjarðarbæjar er að endurskoða gildandi Íþrótt- og tómstundastefnu og fengu íþróttafélögin sent erindi þar sem spurt var hvort þau hefðu tillögur að breytingum á henni. Erindið var sett inn á samráðsvettvang Vestra á Facebook og urðu lítillsháttar umræður þar um málið og bent á að Svona stefnumörkun getur hljómað fallega þegar hún er nógu víð og fögur en allt ræðst svo á endanum með krónum og aurum. Í núgildandi stefnu er t.d. eitt af markmiðunum að „aðstaða til íþróttaiðkunar standist kröfur afreksfólks til áframhaldandi afreka“. Við erum ekkert nálægt því markmiði og staðreyndin einfaldlega sú að litlir peningar hafa verið settir í uppbyggingu íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu síðustu tvo áratugi. Eitthvað hefur verið sett í viðhald/endurbætur en þar þarf líka meira til. Og þar sem aðstaðan er þó fyrir hendi þá eru takmörk á aðgengi, t.d. varðandi opnunartíma og aldur. Fundarmenn voru á því að þörf sé á gagngerri endurskoðun stefnunnar og eðlilegt hefði verið að halda opin vinnufund þar sem allir þeir sem starfa að íþrótt- og æskulýðsmálum hefðu verið boðaðir ásamt öðrum þeim sem áhuga hafa á málaflokknum.

5 Þorablót eða annar sameiginlegur viðburður deilda Vestra.

Nú er tími þorablóta og af þeim sökum tekinn upp gamall þráður varðandi það að deildir Vestra haldi í sameiningu stórt þorablót, svipað því sem gerist hjá íþróttafélögum á höfðuborgarsvæðimu. Í ljósi þess hversu mörg blót eru á svæðinu nú þegar þá þykir ólíklegt að nægilega mikil aðsókn yrði að slíku blóti. Rætt um aðra mögulega viðburði, svo sem jólahlaðborð eða fiskiréttahlaðborð, sem þykir vænlegra til árangurs en að sama skapi höfðu fundarmenn áhyggjur að því að fá sjálfboðaliða til að vinna við slíkan viðburð í ljósi þess hversu erfitt er að manna hina ýmsu viðburði nú þegar.

6 Viðbragðsáætlun Vestra

Enn hefur lítið gerst í endurskoðun á viðbragðsáætlun Vestra en nauðsynlegt að það verði gert sem fyrst. Bent á að viðbragðsáætlun ÍSÍ er nú tilbúin og aðgengileg á síðu sambandsins. Ákveðið að setja tengil á hana inni á vefsíðu Vestra. Nokkrar umræður urðu um kröfur um sakavottorð en í íþróttalögum og æskulýðslögum kemur fram að það er óheimilt að ráða til starfa aðila sem hafa hlotið dóm gegn ávana- og fíkniefnalögum síðastliðin fimm ár eða dóm gegn kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Í sömu lögum er þessum félögum veitt heimild til þess að leita upplýsinga í sakaskrár þeirra sem félögin mynda ráðningarsamband við sem og sjálfboðaliða sem sinna börnum og ungmennum. Allir starfsmenn sem félagið er með ráðningarsamband við og koma á einhvern hátt nálægt börnum og ungmennum í starfi félagsins. Það sama gildir um sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum.

Nú getur hver einstaklingur sótt rafrænt sakavottorð á einfaldan hátt á netinu en þarf hins vegar að greiða 2700 krónur fyrir það. Miklar umræður urðu um þessar reglur, sem þykja á margan hátt eðlilegar, en eru líka íþyngjandi fyrir félögin og þá sem vinna fyrir þau, sem oftast nær eru sjálfboðaliðar. Lögin er mjög víð í skilgreiningu á starfi með börnum, þ.e. „allir sem á einhvern hátt koma nálægt börnum og ungmennum í starfi félagsins“, þannig að miðað við það þyrftu t.d. portavörður á skíðamóti og starfsmaður í sjoppu á körfuboltamóti að skila inn sakavottorði. Nógu erfitt er nú þegar að manna slíka viðburði en það verður enn erfiðara ef fólk þarf að skila inn sakavottorði og sitja uppi með kostnað vegna þessa. Eigi félagið hins vegar að greiða kostnaðinn þá gæti það orðið ansi dýrt ef um er að ræða mannfrekan viðburð. Varðandi fararstjóra í keppnisferðum, þá er eðlilegt að sá kostnaður falli undir ferðakostnað og greiðist af þátttakendum. Sömuleiðis vöknudðu spurningar um hvað ætti að gera við þessi sakavottorð, hver ætti að geyma þau og hvernig persónuvernd væri háttað.

7 Önnur mál.

Rætt um aðstöðuna á Torfnesi, í íþróttahúsinu, í Vallarhúsinu og fótboltavellirnir. Á þessu ári stendur til að setja nýtt gervigras á grasvöllinn og vonandi líka nýtt gervigras á litla völinn. Tinna Hrund upplýsti fundarmenn um stöðuna á því máli og sagði að verið væri að skoða hvers konar gervigras yrði keypt.

Rætt um þrif á neðri hæð Vallarhússins, sem er verulega ábótavant þrátt fyrir daglega notkun á búninga- og salernum. Almennu viðhaldi er sömuleiðis ábótavant og sagði Tinna að sífellt sé verið að brjótast inn til að kveikja vallarljósinn á kvöldin. Einfalt væri að koma í veg fyrir þetta með því að setja upp ljósrofa utandyra en hingað til hefði verið talað fyrir daufum eyrum hvað það varðar. Vantað hefur upp á snjómokstur þannig að hægt sé að komast að svæðinu en eðlilegt að það gildi sömu vinnureglur um aðgengi þar og aðgengi að íþróttahúsið á Torfnesi.

Tinna Hrund var spurð um aðdraganda, umræður og viðbrögð vegna ráðningu þjálfara meistaraflokks karla í knattspyrnu síðasta haust. Spunnust nokkrar umræður um þetta mál sem á sér nokkrar hliðar og vekur upp ýmsar siðferðislegar spurningar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.30.